

Tólfti fundur nefndar. Haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, dags. 09.04.2019. Fundur hófst kl. 11:30.

Fundinn sátu: Líneik Anna Sævarsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Óli Halldórsson, Valtýr Valtýsson, Dagbjört Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson (staðgengill varamaður Halldóru Mogensen), Steinar Kaldal.

Forföll boðuðu: Bergþór Ólason, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Halldóra Mogensen (Björn Levý mætti í hennar stað), Hanna Katrín Friðriksson. Steingrímur J. Sigfússon,

Fundagerð ritaði: Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

1. Skilgreining á mörkum þjóðgarðs.

Formaður fór yfir gögn frá Náttúrufræðistofnun (NÍ) sem stofnunin tók saman að beiðni nefndar. NÍ var beiðin um að stilla upp nokkrum tillögum að þekjum/svæðum á miðhálandinu sem nefndin gæti nýtt sér til að leggja fram tillögu að mörkum þjóðgarðs. Í grunninn byggðu tillögur NÍ á bókun nefndarinnar frá 6. nóvember 2018:

“Nefndin ræddi svæðismörk fyrirhugaðs þjóðgarðs á miðhálandi. Fyrir liggur landsskipulagsstefna (áður svæðisskipulag miðhálandis) sem skilgreinir mörk miðhálandis Íslands. Nefndin lítur svo á að eðlilegt sé að horfa til lands innan þessa svæðis við umfjöllun um mörk þjóðgarðsins. Í fyrstu umferð sérstaklega þann hluta miðhálandisins og svæða við jaðra þess sem er í þjóðar-/ríkiseign, þ.e. þjóðlendur og ríkisjarðir og friðlýst svæði“.

Rætt var um áhrif þjóðgarðs á skipulagshlutverk sveitarfélaga og nytjar á þjóðlendum miðhálandisins. Fram komnar tillögur nefndarinnar um áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðs miðast við að sveitarfélög og hagaðilar verði beinir þátttakendur í stjórnun og skipulagi og að staðinn verðir vörður um nytjarétt enda sé slíkri nýtingu almennt þegar stýrt í lögbundnum farvegi. Í þessu ljósi taldi nefndin að gott væri að draga fram mun þjóðlendna í afréttareign og þjóðlendna sem væru ekki í afréttareign á korti til að undirbyggja áherslur nefndarinnar, t.a.m. við skiptingu svæða í verndarflokka.

2. Tillögur að áherslum í skiptingu landsvæða innan þjóðgarðs í verndarflokka.

Fyrir fundinum lá greinargerð frá ráðgjafarfyrirtækinu Alta um hlutverk og verndarflokka þjóðgarða sem unnin var að beiðni nefndarinnar. Verkefnisstjóri fór yfir greinargerðina.

Farið var yfir að þjóðgarðar geti skipst í ýmsa verndarflokka m.t.t. til meginmarkmiða verndunar og nýtingar. Unnið er út frá því að hugsa svæðið sem heild en jafnframt að tillögur nefndar um vernd og nýtingu drægu fram mismunandi áherslur varðandi skiptingu í verndarflokka innan heildarsvæðisins. Þá væri mikilvægt að hafa

framsetningu tillagna nefndarinnar sjónræna, t.d. þar sem útlínur marka verði sýndar í tilteknum verndarflokki/um og innan þeirra gætu verið dæmi um ákveðin kjarnasvæði. Útlínur þeirra yrðu þó ekki skilgreindar nákvæmlega heldur eingöngu dreginn kassi utan um svæði til að gefa mynd af áherslum nefndarinnar.

Nefndin bókaði eftirfarandi í kjölfar dagskrárliða 1 og 2:

Nefndin leggur til að unnið verði með svæðismörk þjóðgarðs út frá þjóðlendum og þegar friðlýstum svæðum innan miðhálandislínunnar. Ennfremur verði unnin tillaga að skiptingu landsvæða í verndarflokka sem byggir á þeim áherslum sem nefndin hefur þegar lagt fram.

Leitast verði við að kortleggja þau svæði innan þjóðlendnanna sem hefðbundnar nytjar eru stundaðar á til að geta unnið tillögu að viðeigandi verndarflokkun m.t.t. fundargerðar 12. fundar. Þessi gögn verði lögð fyrir nefnd að nýju fyrir næsta fund nefndar.

3. Hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskipting og rekstrarsvæði.

Við upphaf umræða um dagskrárlið þrjú lagði formaður til að umfjöllun um svæðisskiptingu og rekstrarsvæði fylgi tillögum nefndar um stjórnskipan þjóðgarðsins í ljósi þess að þessi málefni héldust í hendur. Nefndarfólk var sammála þeirri tillögu og var ákvörðun tekin um fjalla um þessi mál samhliða tillögum um stjórnskipan garðsins.

Nefnd ræddi því næst þær tillögur að aðkomuleiðum og þjónustumiðstöðvum sem fram komu á fundum með sveitarfélögum og hagaðilum. Fyrir fundinum lá kort þar sem teknar höfðu verið saman þessar hugmyndir og tillögur um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar úr samráðsvinnu nefndarinnar.

Nefndin felur formanni og verkefnisstjóra að vinna að frekari útfærslu að umfjöllun nefndar um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar fyrir þjóðgarðinn. Drögin verði í grunninn byggð á tillögum sem fram komu á áður nefndum fundum með sveitarfélögum og lögð fyrir nefnd fyrir næsta fund samhliða gögnum sem bókað var um eftir dagskrárlið 2. Stefnt verði að því að nefndarfólk komi hugmyndum og tillögum um þetta á framfæri við verkefnastjóra með tölvupósti á milli funda.

Í lok fundar var ákveðið að færa næsta fund, sem átti að fara fram 30. apríl, til 2. maí. Verkefnisstjóra var falið að senda boð um nýjan fundartíma á nefndarfólk.

Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 13:00.